


Alþingi  
Erindi nr. P 133/1452  
komudagur 5.3.2007

Reykjavík 2. mars 2007

Með tilvísun í erindi dagsett 21. febrúar 2007 er varðar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018, 575. mál og erindi dagsett 22. febrúar 2007 er varðar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010, 574. mál., þar sem ókað er eftir umsögn um áætlanirnar, vill Rannsóknarnefnd flugslysa nota tækifærið og fagna því að áfram verði unnið markvisst að flugöryggismálum og stuðlað að enn frekari fækkun alvarlegra flugatvika og slysa í flugi. Rannsóknarnefnd flugslysa styður það að slíku markmiði verði náð meðal annars með markvissum rannsóknum og þátttöku í starfi alþjóðastofnana á sviði öryggismála. Rannsóknarnefnd flugslysa tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í samgönguáætlun að rannsóknarnefndir séu þýðingarmikill hlekkur í öryggi samgangna.

f.h. Rannsóknarnefndar flugslysa



Þorkell Ágústsson.

forstöðumaður rannsóknarnefndar flugslysa

